

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
52. fundur, haldinn að Lyngási 12, 18. október 2012

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Einar Kr. Haraldsson, Skúli Björn Gunnarsson, Þórhallur Þorsteinsson og Jóhann F. Þórhallsson. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Orri Páll Jóhannsson landvörður.

Gestir fundarins sem sátu 2. lið: Guðrún Schmidt frá Landgræðslunni og frá Landsvirkjun þeir Georg Pálsson og Árni Óðinsson.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Háslón – vökvun og sandfok**
- 3. Heiðargæs – vöktun í vor og sumar - veiðar**
- 4. Tillögur um breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun**
- 5. Næsti fundur**
- 6. Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.30.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 51. fundar undirrituð.

2. Háslón – vökvun og sandfok

Fulltrúar Landsvirkjunar og Landgræðslunnar gerðu grein fyrir hvernig fylgst er með svifryki á 18 mælistöðum vítt og breitt kringum lónið og niðri á láglandi. Landsvirkjun sér um að setja upp mælana og gerir það í maí og júní. Matvís og Náttúrustofa Austurlands vinna síðan úr gögnunum. Mælingarnar sýna mánaðargildi og hafa fram að þessu verið undir þeim viðmiðunargildum sem reglugerðir segja til um, einnig í sumar þó að óvenjuburrt hafi verið. Einnig er unnið með gögn úr myndavélum sem er komið fyrir við lónið og þau borin saman við veðurgögn. Í sumar var lónið orðið fullt 7. ágúst en töluvert löngu áður voru öll helstu foksvæði lónsins komin undir vatn. Ekki er gripið til þess að vökva foksvæðin nema til þess að hindra að sandur fjúki af stað.

Í máli fulltrúa Landgræðslunnar kom fram að græddir hafa verið upp hátt í 700 ha austan Háslóns á síðustu árum til þess að styrkja gróðurinn þannig að hann þoli betur áfok. Sandgildirur eins og skurðir og girðingar hafa einnig gert sitt gagn. Við áfoksskoðun 2011 kom fram að engir stórvægilegir áfoksgeirar hefðu myndast. Í sumar hefur hins vegar borið meira en áður á fokgeirum við Háslónsveg og einnig í Kringilsárrana. Landgræðslan hefur unnið í því að greina rofsvæðin í Kringilsárrana.

Vöktun svæðisins er á höndum Landsvirkjunar og Landgræðslunnar ásamt því að fleiri aðilar hafa unnið ýmiskonar rannsóknir sem tengjast þessu. Niðurstöður fara inn á vefinn www.sjalfbaerni.is.

Svæðisráð og starfsmenn þjóðgarðsins lýstu yfir áhyggjum af þeim aðstæðum sem mynduðust óvenju oft í sumar þegar „mökkur“ lá yfir frá Háslóni að Snæfelli en eftir góðar og upplýsandi umræður kvöddu gestir fundinn. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun kynni áform sín um aðgerðir á svæðum þjóðgarðsins á næsta ári fyrir svæðisráði.

3. Heiðargæs – vöktun í vor og sumar - veiðar

Formaður sagðist hafa óskað eftir upplýsingum frá Náttúrustofu Austurlands um frumniðurstöður á vöktun heiðargæsar á Austursvæði í ár. Orri Páll gerði grein fyrir þeim upplýsingum sem sérfræðingur NA gat gefið út frá gögnum sem aflað var í vor og sumar. Endanlegar niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en í febrúar og því ber að taka upplýsingunum með fyrirvara. En frumniðurstöður benda til þess að hagstæð skilyrði á varp- og útungunartíma í ár hafi leitt til þess að unghlutfall var hátt og gæsin á Vesturöræfum orðin fleyg fyrir 20. ágúst.

Svæðisráð ræddi þann möguleika að ár hvert yrði lagt mat á framvindu varps um miðjan júní og ákvörðun tekin um upphafsdagsetningu veiðitíma í samræmi við það. Ljóst er að þjóðgarðurinn yrði að greiða fyrir slíkt mat. Einar Kr. Haraldsson ítrekaði þá skoðun sína að utan fyrirhugaðs Ramsarsvæðis væri ekki ástæða til að aðrar reglur um gæsaveiði innan garðs en utan.

Undir þessum lið var enn á ný tekin upp umræða um mikilvægi þess að koma á tilkynningaskyldu og aukinni gagnaöflun í tengslum við gæsaveiði innan garðsins. Almenn skoðun svæðisráðs að slíkt væri gagnlegt en ekki þyrfti að koma inn ákvæðum í stjórnunar- og verndaráætlun til að koma á aukinni samvinnu þjóðgarðsins og veiðimanna í þeim efnun.

4. Tillögur um breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun

Á grundvelli upplýsinga og umræðu undir 3. lið samþykkti svæðisráð samhljóða að leggja til við stjórn þjóðgarðsins að orðalagi í kafla 9.5 um gæsaveiðar verði svohljóðandi:

Gæsaveiðar á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs eru heimilar frá 20. ágúst. Þjóðgarðsverði, að höfðu samráði við svæðisráð, er þó heimilt að gefa út tilkynningu um seinkun veiða, gefi mat viðurkenndra aðila á varpframvindu heiðargæsar á svæðinu að vori ástæðu til frestunar. Slík tilkynning skal gefin út eigi síðar en 15. júlí ár hvert.

Rökstuðningur

Á málþingi um veiðar sem svæðisráð stóð fyrir sl. vor komu fram skiptar skoðanir á seinkun á gæsaveiði á Austursvæði þjóðgarðsins til 1. sept. Rök svæðisráðs fyrir seinkun veiða innan garðs hafa frá upphafi verið byggð á niðurstöðum úr vöktun heiðargæsar í tengslum við breytingar af völdum Háslóns. Á grundvelli nýjustu upplýsinga og þess að Náttúrustofa Austurlands telur sig geta lagt fram haldbært mat á framvindu varps og útungunar seinnipart júnímánaðar ár hvert telur svæðisráð rétt að í stjórnunar- og verndaráætlun verði sett ákvæði sem heimili þjóðgarðsverði að fresta veiðum ef það er mat viðurkenndra aðila að ástæða sé til. Annars gildi almenn lög um upphaf veiðitímabils á gæs Austursvæðis þjóðgarðsins.

Þjóðgarðsvörður sagði frá tillögum frá starfsmönnum varðandi orðalag og áherslur í veiðikafla stjórnunar- og verndaráætlunar. Þær munu fara til stjórnar sem tillögur frá starfsmönnum.

Agnes Brá gerði einnig grein fyrir tillögu sem kemur til svæðisráðs frá vinnuhópi um „reglur“ vegna hreindýraveiða á þjóðgarðsmörkum sem settur var saman í kjölfar málþings um veiðar. Í hópnum sátu Agnes Brá Birgisdóttir (VJÞ), Jóhann Guttormur

Gunnarsson (UST) og Jón Hávarður Jónsson (Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum). Tillaga vinnuhópsins, sbr. fund á Vonarlandi 29. maí 2012, er að sett verði inn í stjórnunar- og verndaráætlun svohljóðandi ákvæði:

Við hreindýraveiðar er heimilt að fella dýr allt að 1.000 metrum fyrir innan þjóðgarðsmörk (fyrir 15. ágúst) og griðlandsmörk þó einungis þegar verið er að elta hjörð. Leiðsögumaður á hreindýraveiðum, þar sem hjörð er elt inn fyrir fyrrgreind mörk, tilkynnir það til landvarða í Snæfelli eða þjóðgarðsvarðar á austursvæði.

Svæðisráð ræddi þessa tillögu vinnuhópsins. Samdóma álit svæðisráðs að ekki sé rétt að festa í stjórnunar- og verndaráætlun slíka heimild varðandi griðlandið við Snæfell en sjálfsagt að hafa slíkt svæði skjalfest á þjóðgarðsmörkum þar sem veiðar hefjast seinna innan þjóðgarðs en utan. Svæðisráð samþykkti samhljóða að leggja til við stjórn þjóðgarðsins að inn í kafla 9.5 komi aftan við setninguna um frestun hreindýraveiða til 15. ágúst svohljóðandi málsgrein:

Við hreindýraveiðar er þó heimilt að fella dýr allt að 1.000 metrum fyrir innan þjóðgarðsmörk fyrir 15. ágúst en einungis þegar verið er að elta hjörð. Komi til slíks skal leiðsögumaður á hreindýraveiðum tilkynna það svo fljótt sem auðið er til landvarða í Snæfelli eða þjóðgarðsvarðar.

Rökstuðningur

Reynslan af hreindýraveiðum á þjóðgarðsmörkum síðustu ár sýnir að þær aðstæður geta oft skapast að hjörð sem verið er að veiða úr rási yfir mörkin. Þar sem veiði á svæðinu milli Háslóns og Jökulsár í Fljótsdal hefst ekki fyrr en eftir 15. ágúst er það niðurstaða svæðisráðs að rétt sé að setja inn í stjórnunar- og verndaráætlun skilgreint svæði sem veitir veiðimönnum aukið svigrúm á þjóðgarðsmörkum. Sú niðurstaða byggir á samráði við leiðsögumenn með hreindýraveiðum og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar.

5. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur svæðisráðs verði föstudaginn 23. nóvember kl. 16.30.

6. Önnur mál

- a. Agnes Brá minnti svæðisráð á fyrri umræðu um reiðleiðir innan Austursvæðis. Svæðisráð bókaði á 47. fundi sínum um reiðleiðir við umfjöllun um skýrslu starfshóps um samgöngur í Vatnajökulþjóðgarði. Sú bókun var svohljóðandi:

3.1.9 Hestar í Vatnajökulþjóðgarði

Svæðisráð tekur undir með starfshópnum og leggur áherslu á að aðstæður fyrir hestamenn eru mismunandi milli landsvæða og einnig mismunandi eftir árferði. Ráðið telur rétt að milda ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar um að hvergi megi ríða annars staðar en á skilgreindum reiðleiðum. Svæðisráð telur að þjóðgarðsvörður og svæðisráð eigi að hafa heimild til að skilgreina reiðleiðir innan síns svæðis og settar verði viðmiðunarreglur um slíkar heimildir. Um ferðir smærri reiðhópa eigi fremur að gilda tilkynningarskylda fremur en leyfisumsóknir. Svæðisráðið setur ákveðin spurningarmerki við hvað liggur að baki því að hækka leyfisskyldu úr 20 í 45 hesta.

Hvað varðar reiðleið yfir í Lónsöræfi tekur svæðisráð undir með starfshópnum að hentuglega legga reiðleiðar verði fundin í samstarfi

hestamanna, Umhverfisstofnunar sem umsjónaraðila með Lónsöræfum, landeigenda, þjóðgarðsyfirvalda og sveitarstjórna. Svæðisráð ítrekar þessa bókun sína.

- b. Formaður benti svæðisráði á að lesa síðustu fundargerð stjórnar þjóðgarðsins sem komin er á netið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Einar Kr. Haraldsson